

Samgönguráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Samgöngunefnd Alþingis

Sendandi: Samgönguráðuneyti

Dagsetning: 10.09.08

Efni: Framtíð NMT kerfisins á Íslandi (v. 523. mál)

Inngangur:

Á Íslandi er NMT farsímakerfið á tíðnisviðinu 453-457.475 MHz. Kerfið er starfrækt samkvæmt tímabundnu starfsleyfi til NMT ehf, dótturfélags Símans. Mögulegt er að starfsleyfið verði ekki endurnýjað þegar gildandi samningur rennur út í árslok 2008.

Uppbygging GSM kerfisins:

Á síðustu misserum hefur umfang uppbyggingar GSM kerfisins aukist til muna. Ástæður þessa eru fyrst og fremst tvíþættar. Í fyrsta lagi hefur tækniþróun gert fjarskiptafyrirtækjum kleift að byggja upp langdrægt GSM kerfi með minni tilkostnaði en áður. Þetta hefur haft í för með sér stórauðna útbreiðslu GSM dreifikerfisins á hálendinu og á miðunum. Hins vegar hefur aðkoma fjarskiptasjóðs haft hvetjandi áhrif á uppbyggingu farsímakerfanna og tryggt uppbygginguna á GSM kerfi á helstu hlutum vegakerfis landsins. Þetta hefur verið til þess fallið að auka öryggishlutverk GSM kerfisins.

Fyrirliggjandi upplýsingar, meðal annars frá fjarskiptafyrirtækjum, gefa til kynna að líklegasti arftaki NMT fjarskipta verði talinn langdrægt GSM kerfi, sem byggt er upp á 900MHz tíðni.

Uppbygging þess á 900 MHz felur í sér langdrægni þannig að kerfið getur náð sambærilegri útbreiðslu og NMT kerfið. Kostir þess að dreifa fjarskiptakerfi á 900 MHz tíðni frekar en á öðrum tíðnisviðum eru annars vegar þeir að slík dreifing er langdrægari og því betur fallin til dreifingar í dreifbýli og hins vegar verður dreifing í þéttbýli þéttari og því öflugri en á öðrum tíðnisviðum.

Með hliðsjón af þeim markaðsáformum sem fjarskiptafyrirtæki hafa tilkynnt um má telja líklegt að langdræg 3G GSM kerfi muni verða framtíðarlausn fyrir fjarskiptakerfi á Íslandi. Sú lausn býður upp á miklum mun meiri gagnaflutningsþjónustu en NMT og með uppbyggingu á 900 MHz tíðni verður kerfið langdrægt með sambærilegum hætti og NMT.


Langdrægt GSM kerfi arftaki NMT kerfis:

Uppbyggingaráform fjarskiptafyrirtækjanna gera ráð fyrir því að langdrægt GSM kerfi muni ná yfir mjög stóran hluta lands og miða í árslok 2008. Ekki er ástæða til þess að ætla annað en að þessi áform gangi eftir. Í þessu samhengi er rétt að minnast á að háhraðaútbod fjarskiptasjóðs var opnað í byrjun september. Lægsta tilboðið miðaði við að þjónustan sem útbodið nær til yrði veitt með langdrægu 3G kerfi og gerir sú lausn ráð fyrir að kerfið verði komið í gagnið innan 12 mánaða frá því að samningar takast. Ekki hefur verið lagt mat á að hvaða tilboði verður gengið á grundvelli útbodsins.


Ráðuneytið telur að uppbygging langdrægs GSM kerfis muni ná sambærilegri útbreiðslu og NMT kerfið innan skamms tíma.



Útbreiðslusvæði NMT kerfisins



GSM þjónustusvæði Símanum



1. desember 2008

GSM pārnestsveidi Vodafone